

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.

53

25. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2.—3. töluliður og niðurlagsmálsg. 9. gr. laganna falli niður. — 4.—5. tölul. sömu greinar verði 2.—3. tölul.

2. gr.

2. málsl. 1. málsgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi svo hljóðandi viðbót:

Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en í atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit.

Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar í umdæmi heimilissveitar, og standa atvinnusveit skil á honum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1950.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

54

25. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Að fengnum meðmælum viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar heimilast ríkisstjórninni að selja eftirtaldar jarðir:

- 54 1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vil-
25. maí hjálmssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rúti Þorsteinssyni bónda í Engimýri.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við söluna tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfarandi ábúanda.

Söluverð jarðanna skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaranda á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa skipti á jörðinni Klettakoti, sem er eign ríkisins, og jörðinni Straumi, sem Edilon Guðmundsson bóndi í Stóra-Langadal er eigandi að. Báðar þessar jarðir eru í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

55

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 15. millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.